

Fimmtudaginn 25. nóvember 1993.

Nr. 249/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Gerði Gunnarsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærða áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar, að því er varðar refsíákvörðun, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst hún mildari refsingar og að hún verði að öllu leyti skilorðsbundin. Ríkissaksóknari gaf út áfrýjunarstefnu 3. júní 1993, og er af ákærvalds hálfu krafist „þyngingar á refsingu og þannig að stærri hluti refsingar ákærðu verði ákvarðaður óskilorðsbundinn“.

Refsikrafa ákærvalds fyrir Hæstarétti samrýmist ekki 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, hafði ákærða hlotið fjóra skilorðsbundna refsídóma, áður en til þess máls kom, sem hér er fjallað um. Á árinu 1991 var hún ákærð tvisvar, 19. júní og 1. júlí. Var fyrri málið dæmt í sakadómi Ísafjarðarsýslu 2. ágúst 1991, þar sem ákærða var dæmd í fjögurra mánaða fangelsi skilorðsbundið. Hið síðara var dæmt í sakadómi Reykjavíkur 12. september sama ár, og hlaut ákærða þar skilorðsbundið fangelsi í þrjá mánuði. Bera endurrit dóma með sér, að hlutaðeigandi dómurum var hvorum um sig ókunnugt um mál hins. Var þessi málarekstur í andstöðu við ákvæði 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hagsmuni ákærðu.

Brot þau, sem ákærða var dæmd fyrir 19. mars 1992, voru ýmist framin fyrir uppkvaðningu ofangreindra tveggja dóma eða eftir, og fólust því í þeim skilorðsrof að hluta. Voru dómarnir tveir dæmdir með í því máli og ákærðu gerð átta mánaða skilorðsbundin fangelsisrefsing. Hinn 5. október sama ár var ákærða dæmd vegna brots, sem framið var fyrir uppsögu dómsins 19. mars. Var síðast

greindi dómurinn tekinn upp og dæmdur með, og var refsing nú ákveðin fangelsi í tólf mánuði, sem enn var skilorðsbundin að öllu leyti. Brot þau, sem nú er um fjallað í þessu máli, voru framin á sama tíma og brot það, er dómurinn 5. október tók til.

Í málum þeim, sem hér hafa verið nefnd og áður hafa verið dæmd, var ákærða sakfelld fyrir fjársvik og skjalafals, nær eingöngu í tengslum við meðferð hennar á tékkum. Nemur fjárhæð þeirra tékka, sem hún misfór með samkvæmt dómum þessum, samtals 588.820 krónum. Til viðbótar koma síðan skjalafalsbrot þau, sem hún hefur verið sakfelld fyrir í máli því, sem nú er til meðferðar, en þau varða meðferð hennar á tékkum, að fjárhæð samtals 187.000 krónur. Hefur ákærða þannig á árunum 1991 og 1992 misfarið með tékka, að fjárhæð samtals 775.820 krónur.

Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga ber nú að taka upp dóminn frá 5. október 1992, eins og héraðsdómari hefur réttilega gert, en eins og fyrr greinir, var dómurinn frá 19. mars sama ár dæmdur þar með. Ber að ákvarða refsingu, eins og ætla má, að hún hefði orðið, ef dæmt hefði verið fyrir öll brotin í einu máli, sbr. 78. gr. hegningarlaganna. Þegar litið er til eindregins brotavilja ákærðu, sem lýsir sér í hinum mörgu brotum hennar, svo og til þeirra hagsmuna, sem hún hefur raskað, þykir með hliðsjón af atvikum öllum verða að ákveða ákærðu óskilorðsbundna refsingu, fangelsi í tólf mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærðu jafnframt til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Gerður Gunnarsdóttir, sæti fangelsi tólf mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 19. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 294/1993: Ákærvaldið gegn Gerði Gunnarsdóttur, sem tekið var samdægurs til dóms.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. maí sl., gegn Gerði Gunnarsdóttur, Árbæjarbletti 33, fæddri 2. febrúar 1972, fæðingarnúmer 597, „fyrir tékkafals með því að nota í viðskiptum í febrúar 1992 í Reykjavík, nema annað sé nefnt, eftirtalda sjö falsaða tékka, þar sem ákærða hafði breytt tékkafjárhæðum til hækkunar á tékkum, sem hún hafði komist yfir, og einnig falsað á þá nafn Katarínusar Gríms Ingvasonar sem framseljanda, svo sem nánar verður rakið, og eru auðkennissnúmer banka sett við þá í svigum. Tékkarnir eru allir gefnir út á handhafa og dagsettir 1992:

— — —

Málavöxtum er rétt lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærðu þykir sannað, að hún hafi framið brot þau, sem henni eru gefin að sök í ákæru og þar eru réttilega færð til refsí-
ákvæða.

Ákærða, Gerður, gekkst undir dómsátt árið 1991 fyrir ölvun við akstur. Þá hefur hún hlotið fjóra refsídóma, 2. ágúst 1991 fjögurra mánaða fangelsi, skb. í þrjú ár, vegna fjársvika, 12. september 1991 þriggja mánaða fangelsi, skb. í þrjú ár, vegna skjalafals, 19. mars sl. átta mánaða fangelsi, skb. í þrjú ár, vegna skjalafals, en með þeim dómi voru fyrri dómarnir tveir dæmdir með, og loks 5. október sl. fyrir skjalafals, en með þeim dómi var dómurinn frá 19. mars dæmdur með. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að dæma nú upp hina tólf mánaða skilorðsbundnu fangelsisrefsingu ákærðu samkvæmt dóminum frá 5. október sl. og gera henni jafnframt refsingu fyrir brotin, sem eru til meðferðar í máli þessu. Með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fimmtán mánaða fangelsi. Ákærða rauf skilorð dómanna frá 2. ágúst og 12. september 1991 með brotum þeim, sem hér eru til meðferðar. Þykir því ekki fært að skilorðsbinda alla refsingu hennar nú, þrátt fyrir það að um hegningarauka sé að ræða, við dómanna tvo frá fyrra ári. Þykir rétt að fresta fullnustu tólf mánaða af refsingunni í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22/1955.

Skaðabætur.

Þessir hafa krafist skaðabóta vegna tékkanna: Landsbanki Íslands, Múlaútibú, 60.000 kr., Íslandsbanki hf., Kópavogi (0547), 83.800 kr., Íslands-

banki hf., Laugavegi 105, 10.000 kr., Sparisjóður vélstjóra, Borgartúni 18, 30.000 kr.

Ákærða hefur samþykkt að greiða þessum aðilum framangreindar skaðabætur, og verður hún því dæmd til greiðslu þeirra.

Í ákæruskjali er auk skaðabóta til þeirra fjögurra aðila, sem þar er getið, krafist vaxta. Hvorki er þar getið um, hvers konar vaxta sé krafist, né heldur tilgreindur upphafstími vaxtakrafna. Vaxtakröfurnar eru því ekki nægilega tilgreindar, og ber því að vísa þeim frá dómi.

Þá er ákærða dæmd til að greiða allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Gerður Gunnarsdóttir, sæti fimmtán mánaða fangelsi.

Fresta skal fullnustu tólf mánaða af refsingunni í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða greiði eftirtöldum skaðabætur:

— — —
 Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, 10.000 krónur.